

## Fundargerð nr. 189

### 189. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 12.10.2018 kl. 13:00

Mætt: Helga Sighvatsdóttir, Raket Sveinsdóttir, Sigurður Einar Guðjónsson í forföllum Sigurjóns Vídalín og Kolbrún Haraldsdóttir.

Jóhann I. Stefánsson boðaði forföll.

1. Kynning á Tónlistarskólanum. Skólastjóri fór með fundarmenn í skoðunarferð um húsnæðið og kynnti starfið í máli og myndum.
2. Stjórn skiptir með sér verkum. Samþykkt að formaður verði Raket Sveinsdóttir, varaformaður Sigurjón Vídalín og Kolbrún Haraldsdóttir ritari.
3. Skólastjórar skipuleggja skoðunarferðir með nefndarfólki á kennslustaði Tónlistarskólans.
4. Skólastjóri fór yfir nemendafjölda, kennara og stöðu á biðlista.
5. Starfsmannamál. Ólöf Jónsdóttir sagði upp störfum og Björn Pálmi Pálmason tók við hennar starfi í píanókennslu. Sigurgeir Skapti Flosason rafbassakennari var ráðinn stundakennari. Kennarar í afleysingum í einn ár eru Suncana Slamnig í píanókennslu, Eyjólfur Eyjólfsson í tónfræði og þverflautu og Dagur Bergsson í tónfræði og píanó. Í leyfi í eitt ár eru Miklós Dalmay á píanó, Edit Anna Mólnár í tónfræði, Ester Ólafsdóttir á píanó í leyfi að hluta og Kolbrún Berglind Grétarsdóttir á píanó og þverflautu í leyfi að hluta. Ingibjörg Birgisdóttir blokkflautukennari er komin aftur til starfa eftir ársleyfi. Ragnheiði Haraldsdóttur, sem leysti hana af, er þökkuð góð störf.
6. Milliuppgjör 2018. Skólastóri fór yfir tölur. Allar áætlanir standast varðandi rekstur skólans.
7. Áætlun og rauntölur Tónlistarskóla Árnesinga 2018. Stjórn var upplýst um endurgreiðslur á LS láni vegna Brúar lífeyrissjóðs.
8. Skólastjóri kynnti fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga fyrir 2019. Skólastjóri kynnti áætlunina og verður hún afgreidd á milli funda, fyrir 18. október.
9. Erindisbréf fyrir skólanefnd/stjórn Tónlistarskóla Árnesinga. Erindisbréfið hefur verið yfirfarið af skólastjóra og formanni Tónlistarskólans og sent til stjórnar til samþykktar fyrir 18. október.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:00 /KH

*Raket Sveinsdóttir, Helga Sighvatsdóttir, Sigurður Einar Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir*